



Fréttatilkynning

15 July 2025 16:05:00 GMT

Arion banki: Drög að uppgjöri 2F 2025 – afkoma nemur um 10 mö. kr. og er yfir spám greinenda

Drög að uppgjöri Arion banka fyrir annan ársfjórðung 2025 liggja nú fyrir og samkvæmt þeim er afkoma fjórðungsins um 10 milljarðar króna sem leiðir til um 19% arðsemi eiginfjár sem tilheyrir hluthöfum Arion banka. Afkoma fjórðungsins er um 45% yfir meðaltalsspá greiningaraðila.

Munurinn liggur helst í hærri hreinum vaxtatekjum og virðisbreytingum af fjárfestingareignum, lægri rekstrarkostnaði samstæðunnar og jákvæðari virðisbreytingu lánabókar en greiningaraðilar gera almennt ráð fyrir.

Tekjur af kjarnastarfsemi, samanlagðar hreinar vaxtatekjur, hreinar þóknatekjur og hreinar tekjur af tryggingastarfsemi, eru um 10% hærri en spár greiningaraðila.

Uppgjörið fyrir annan ársfjórðung og fyrstu sex mánuði ársins 2025 er enn í vinnslu og kann því að taka breytingum fram að birtingardegi þann 30. júlí nk.

Spár greiningaraðila er að finna [hér](#)

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2025-07-15 16:05 GMT.

Viðhengi

[Arion banki: Drög að uppgjöri 2F 2025 – afkoma nemur um 10 mö. kr. og er yfir spám greinenda](#)